

Sp. 55. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]
um byggingu útvarpshúss.

Flm.: Markús Á. Einarsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að Ríkisútvarpinu sé heimilt að hefja að nýju framkvæmdir við byggingu útvarpshúss í Reykjavík.

Greinargerð.

Bygging útvarpshúss í Reykjavík hefur legið niðri um hríð, þótt fyrir hendi sé fjármagn í byggingarsjóði stofnunarinnar og þrátt fyrir skipulegar áætlanir forráðamanna Ríkisútvarpsins og yfirlýsingar menntamálaráðherra um nauðsyn þess að byggingarframkvæmdum sé haldið áfram.

Svo sem kunnugt er hófst jarðvegsvinna við grunn áformaðs útvarpshúss á árinu 1978 og var þá í starfsáætlun gert ráð fyrir að hljóðvarpið gæti flutt í nýbyggingu árið 1983 og sjónvarp ári síðar. Undirbúningur framkvæmda hafði þá

staðið í 7½ ár, og frá 1971 voru samkvæmt 14. gr. útvarpslaga 5% af brúttótekjum stofnunarinnar lögð í Framkvæmdasjóð og skyldi fé hans varið til að tryggja viðunandi húsnæði og tækjakost fyrir starfsemi hennar.

Með lögum nr. 49/1979, um breytingu á útvarpslögum, var framlag í Framkvæmdasjóð hækkað úr 5 í 10%, og var Vilhjálmur Hjálmarsson fyrrverandi menntamálaráðherra flutningsmaður þess frumvarps. Mátti líta á samþykkt frumvarpsins sem vísbendingu um að nú væri komið að byggingarframkvæmdum og reyndar einnig sem ótvíræðan, jákvæðan hug alþingismanna til áformaðs útvarpshúss, en þeir greiddu nær allir atkvæði með hækkun framlagsins.

Í sem skemmstu máli varð raunin hins vegar sú, að framkvæmdir stöðvuðust með öllu að lokinni jarðvegsvinnu og stendur grunnurinn enn opin og óhreyfður. Ekki vill flutningsmaður fullyrða neitt um það, hverju þessar tafir sæta, en fyrir liggur vilji forráðamanna Ríkisútvarpsins um áframhald byggingarinnar. Menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, hefur ítrekað lýst á opinberum vettvangi vilja sínum til þess að svo megi verða, enda unnið að því máli innan ríkisstjórnarinnar. Fram hefur komið af hálfu menntamálaráðherra að byggingin hafi fyrst og fremst stöðvast fyrir áhrif frá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, sem ekki hafi treyst sér til að leggja til við fjármálaráðherra og Alþingi að framkvæmdir héldu áfram að sinni.

Óhjákvæmilegt er að minna á þá sérstöðu þessarar framkvæmdar hvað varðar fjármögnun sem Framkvæmdasjóðurinn skapar.

Áætlaður byggingarkostnaður, miðað við verðlag 1. jan. 1980, var 5 750 milljónir króna fyrir hús sem rúmaði bæði hljóðvarp og sjónvarp. Miðað við byggingartíma 1980—1986 hefði sjóðurinn alfarið staðið undir kostnaði út árið 1982 og hefði því fyrst komið til beinna framlaga á árinu 1983, eða þá lántöku sem sjóðurinn stæði síðar skil á.

Gerðar hafa verið áætlanir um tvo minni áfanga, þar sem einungis er reiknað með að leysa úr vanda hljóðvarps í byrjun. Á verðlagi 1. jan. 1980 kostaði ódýrari kosturinn 3100 milljónir króna. Er í því sambandi athyglisvert, að staða Framkvæmdasjóðs er á svipuðum forsendum áætluð 3030 milljónir króna um áramót 1983/84. Það hlýtur að vera íhugunarefni, að samkvæmt þessu á að vera unnt að byggja yfir hljóðvarpið á grundvelli tekna Framkvæmdasjóðs eins sér, en húsnæðisvandræði þess hluta stofnunarinnar eru svo geigvænleg, að það háir nú þegar starfsemi mjög, ekki síst í dagskrárgerð.

Flestir munu samdóma um að Ríkisútvarpið sé öflugur og mikilvægur menningar- og fjölmiðill og reyndar eini fjölmiðillinn sem með nokkrum rétti getur talist vera fjölmiðill þjóðarinnar allrar. Eigi stofnunin á næstu 50 árum að gegna með sóma jafnþýðingarmiklu hlutverki og hún óneitanlega hefur gegnt undanfarin 50 ár, verður ekki hjá því komist að skapa henni þá aðstöðu sem til þess þarf. Nýtt útvarpshús mun á örfáum árum gerbreyta aðstöðu til fjölbreyttrar dagskrárgerðar og útsendingar með bestu gæðum. Flutningsmaður þessarar tillögu er eindregið þeirrar skoðunar, að ekki verði undan því vikist að hefja þegar á nýjan leik framkvæmdir þar sem frá var horfið fyrir tveim árum.

Flutningsmaður vill með tillögunni vekja máls á mikilvægu málefni og styðja ásetning menntamálaráðherra að leysa úr þeim hnút sem tafið hefur framgang þess. Ánægjulegast væri þó ef viðbrögð stjórnvalda yrðu svo skjót að tillagan reyndist óþörf.